

# GANGNASEÐILL 2022



## Fjallskil í Tungudeild haustið 2022

Heimili	Vetrar fóðrað Fjár- tala	Gangna- kostn. á kind 650	BLEIKSMÝRARDALUR				
			Vestur Sandar og Miðpartur		Austur Bleiksm.d	Skarðs- dalur	
			1.g	2.g	2. g	1.g	2.g
Brúnagerði	78	50.700			20.000		
Steinkirkja	37	24.050					
Veturliðastaðir	26	16.900					
Hróarsstaðir	48	31.200					
Nes	26	16.900					
Hrísgerði	152	98.800	30.000	20.000		20.000	
Kambsstæðir	321	208.650	90.000	40.000			20.000
Birkihlíð	10	6.500					
Háls	166	107.900					
Tungudeild							
Bárðardalur							
Samtals	864	561.600	120.000	60.000	20.000	20.000	20.000

### Tilhögun fjallskila haustið 2022

Bleiksmýrardalur og Skarðsdalur:

Fyrstu göngur verða 2.- 3. september

Réttað á Reykjum 4. september.

Aðrar göngur verða 24.-25. ~~október~~ sept.

Timburvalladalur:

Fyrstu göngur 10.-11. sept.

Aðrar göngur verða 1.-2. okt.

Hjaltadalur:

Smalaður 18. sept.

Heimalönd í Vaðlaheiði, Illugstöðum og Sellandi.

Smalað verður 10. september og aftur 24. september.

Reykjafjall verður smalað 11. september.

Heimalönd austan Fnjóskár suður að Belgsá:

Smalað verður 10. september.

Önnur smölun 24. sept.

Skuldir eru með gjalddaga 1. des. 2021 og óskast greiddar fyrir 15. des. 2022.

Reikningur 1110-26-113131 - kennitala 6211861169

AUSTURDALIR								
Timburvalladur 1.g	Hjaltadalur 1.g 2.g		Belgsárdalur 1.g 2.g		Bæjarrekstur 1.g 2g		Bíla- kostn.	Skuld
	20.000							10.700
								24.050
					10.000			6.900
						10.000		21.200
								16.900
								28.800
							30.000	28.650
								6.500
		20.000	20.000	20.000				47.900
	40.000							
40.000								
40.000	60.000	20.000	20.000	20.000	10.000	10.000	30.000	191.600

Gangnastjórar verða:

Á Bleiksmýrardal maður frá Kambsstöðum og bíll.

Timburvalladalur, Hermann R: Herbertsson

Hjaltadalur, Hermann R: Herbertsson

Gangnastjórar ákveða brottfarartíma.

Um úrtíning úr Bárðardal í fyrstu og öðrum göngum sér Hermann R. Herbertsson

Um úrtíning úr Eyjafirði í fyrstu og öðrum göngum sér Þuríður Davíðsdóttir

Eins og gangnaseðillinn ber með sér er dagsverkið metið á 10.000 kr., sem er:

Austurdalagöngur 2 dagsverk og Sandagöngur 3 dagsverk (2 dagsverk aðrar göngur).

Önnur gangnasvæði eru 1 dagsverk.

Með ósk um gott samstarf og góða ferð í göngurnar.

Hermann R. Herbertsson

Ketill Tryggvason

Ásgeir Sigurðsson

# GREINARGERÐ UM STARFSTILHÖGUN FJALLSKILA

## Um smölun heimalanda og úrtíning til og frá réttum.

Hver ábúandi er skyldur að hafa aðstöðu til innrekstrar og sundurdráttar á því fé sem úr hans heimalandi kemur. Skal hann sjá um sundurdrátt á því fé sem á að ganga til réttar, svo úrtíningsmenn geti gengið að fénu án tafa. Bílfært sé að geymsluhólfi úrtínings. Það er ekki æskilegt að fé af nágrannabæjum sé flutt til réttar, slíkt veldur óþarfa þvælingi á fé og er mælst til þess að ábúendur og fjáreigendur sjái til þess að það þurfi ekki að verða nema í litlu mæli.

Fjallskiladeild sér um flutning á úrtíningi til fyrstu og annarar réttar og svo utansveitar fé úr þriðju heimalandasmölun.

Fjáreigandi sér um sitt fé, af þeirri rétt sem hann á sókn til.

Úrtíningsmenn sækja fé á Þverárrétt og Fótarrétt. Skulu þeir flytja féð til réttra eigenda, allt að einni kind. Er nóg að sleppa fé í girðingar við veginn til að spara akstur. Fjallskiladeild sér ekki um flutning á úrtíningsfé á milli gangna, né eftir að réttum er lokið, öðru en utansveitarfé, til eða frá.

Þar sem aðeins eru auglýstar á gangnaseðli tvennar smalanir á heimalöndum, er áhersla lögð á að allir sinni því af vandvirkni, jafnt ógirt land sem afgirt, ef fjár er von.

Fjallskilastjóri áskilur sér rétt til að boða fleiri smalanir ef tvennar leitir að hausti duga ekki.

Ef fé finnst í heimalöndum eftir að smölun er lokið og það megi rekja til þess að illa eða ekki hafi verið smalað, skal viðkomandi bóndi sjá til þess að það komist til réttra eigenda.

## FJALLSKILASTJÓRI